

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1525

2018/EES/54/25

frá 4. september 2017

um breytingu á ákvörðun 2014/256/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsafurðir*(tilkynnt með númeri C(2017) 5948) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB ⁽²⁾ fellur úr gildi 2. maí 2017.
- 2) Unnið hefur verið mat sem staðfestir mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðun 2014/256/ESB. Því ætti að breyta ákvörðun 2014/256/ESB til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/256/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „umbreyttar pappírsafurðir“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2020.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 230, 6.9.2017, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/256/ESB frá 2. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir umbreyttar pappírsafurðir (Stjttð. ESB L 135, 8.5.2014, bls. 24).